

**Sp. 634. Tillaga til þingsályktunar [393. mál]**  
um niðurfellingu söluskatts af auglýsingatekjum Ríkisútvarpsins.

Flm.: Maríanna Friðjónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að fella nú þegar niður söluskatt af auglýsingatekjum Ríkisútvarpsins.

**Greinargerð.**

Á síðasta ári var Ríkisútvarpinu gert skylt að greiða alls 46,6 milljónir kr. í söluskatt af auglýsingum. Hins vegar eru dagblöð og flest tímarit undanþegin þessari skattlagningu. Telja verður óeðlilegt eins og nú er, meðan undanþágur frá söluskatti tíðkast, að gera ríkisstofnun á borð við Ríkisútvarpið að greiða skatta sem aðrir aðilar með hliðstæða starfsemi eru undanþegnir.

Benda má á það að ýmis blöð, sem vart teljast menningarleg eða fræðandi, jafnvel þótt velviljaðir menn vildu skilgreina þau svo, eru undanþegin söluskatti af auglýsingum.